

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 96/EES/18/03

nr. 6/96
frá 29. febrúar 1996

um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 26/95 frá 19. maí 1995⁽¹⁾.

Ályktun ráðsins 95/C 258/01 frá 18. september 1995 um setningu rammaákvæða fyrir fjarskipti⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:**1. gr.**

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 26c (ályktun ráðsins 95/C 188/02) í XI. viðauka við samninginn:

„26d. **395 Y 1003(01)**: Ályktun ráðsins 95/C 258/01 frá 18. september 1995 um setningu rammaákvæða fyrir fjarskipti (Stjttíð. EB nr. C 258, 3. 10. 1995, bls. 1).“.

2. gr.

Fullgiltur texti ályktunar ráðsins 95/C 258/01 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. mars 1996, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 29. febrúar 1996.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

P. Benavides

(¹) Stjttíð. EB nr. L 273, 16. 11. 1995, bls. 47 og EES-viðbætur við Stjttíð. EB nr. 43, 16. 11. 1995, bls. 1.

(²) Stjttíð. EB nr. C 258, 3. 10. 1995, bls. 1.